

12. janúar 2012

Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

## Jólaverslun svipuð og fyrir ári

Velta í dagvöruverslun jókst um 0,4% á föstu verðlagi í desember miðað við sama mánuð í fyrra og jókst um 6,5% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum jókst velta dagvöruverslana í desember um 0,7% frá sama mánuði í fyrra. Verð á dagvöru hefur hækkað um 6,1% á síðastliðnum 12 mánuðum.

Sala áfengis dróst saman um 0,9% í desember miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi en jókst um 2,6% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum nam samdráttur í veltu áfengis í desember 2,2% frá sama mánuði í fyrra. Verð á áfengi var 3,5% hærra í desember síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.

Fataverslun dróst saman um 3,2% í desember miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og um 2,8% á breytilegu verðlagi á sama tímabili. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum dróst velta fataverslunar í desember saman um 5,0% frá sama mánuði árið áður. Verð á fötum hækkaði um 0,4% frá sama mánuði fyrir ári.

Velta skóverslunar jókst um 4,5% í desember á föstu verðlagi og um 8,6% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð fyrir ári. Verð á skóm hækkaði um 3,9% frá desember í fyrra.

Velta húsgagnaverslana jókst um 0,6% í desember frá sama mánuði fyrir ári á föstu verðlagi og um 4,5% á breytilegu verðlagi. Verð á húsgögnum var 3,9% hærra í desember síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra. Velta sérsverslana með rúm dróst saman um 12,9% frá sama mánuði í fyrra á föstu verðlagi. Velta í sölu skrifstofuhúsgagna jókst um 7,6% í desember síðastliðnum samanborið við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi.

Sala á raftækjum í desember jókst um 15,2% á föstu verðlagi og um 10,3% á breytilegu verðlagi. Verð á raftækjum var 4,3% lægra en í desember 2010.

des.11	Breytilegt verðlag		Fast verðlag		Fast verðlag, árstíðaleiðrétt	
	Breyting frá síðasta mán	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mán	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mán	Breyting frá síðasta ári
Dagvara	35,8%	6,5%	33,8%	0,4%	-0,9%	0,7%
Áfengi	72,7%	2,6%	72,9%	-0,9%	-1,6%	-2,2%
Föt	103,5%	-2,8%	104,3%	-3,2%	-0,2%	-5,0%
Skór	60,0%	8,6%	58,7%	4,5%	0,5%	4,3%
Húsgögn	17,0%	4,5%	17,1%	0,6%	-5,0%	1,5%
Raftæki	74,0%	10,3%	79,7%	15,2%	1,6%	14,9%

## Verðlag og neysla

Helstu breytingar sem urðu á jólaversluninni fyrir nýliðin jól í samanburði við jólaverslunina 2010 var töluverð aukning í sölu raftækja og smávægilegur samdráttur í fataverslun. Að öðru leyti virðast landsmenn hafa keypt álíka mikið og fyrir síðustu jól og fyrir jólin þar áður. Þannig var verslun með dagvöru sambærileg og árið áður að magni til þó hún hafi aukist um 6,5% í krónutölu vegna verðhækkana.

Þrátt fyrir að áfengisgjald hafi hækkað um 5,1% um áramótin varð það ekki til þess salan ykist síðustu daga ársins. Þvert á móti dróst sala áfengis í lítrum talið saman um 7% dagana 27. – 31. desember frá sama tíma árið áður samkvæmt tilkynningu ÁTVR.

Verslun í desember endurspeglar að miklu leyti þá þróun sem varð í smásöluverslun þegar horft er til alls ársins 2011 miðað við árið 2010. Velta dagvöruverslunar 2011 jókst um 2% frá árinu áður á föstu verðlagi og áfengisverslun dróst saman um 2,3%. Á árinu dróst fataverslun saman um 6,1% á meðan húsgagnaverslun jókst um 11,5% og raftækjaverslun jókst um 17,4% frá árinu áður.

Velta innlendra greiðslukorta heimilanna jókst um 6,0% síðasta árið samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands og er það nokkuð í takt við þær mælingar á smásöluveltu sem hér eru birtar. Þá jókst kaupmáttur launa um 3,6% í nóvember 2011 miðað við sama mánuði árið áður samkvæmt Hagtölum Hagstofu Íslands.

Nánari upplýsingar veita Kári Joensen ([kari@bifrost.is](mailto:kari@bifrost.is)) í síma 862 4554 og Emil B. Karlsson ([emil@bifrost.is](mailto:emil@bifrost.is)), forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar.